



Spáum að verðbólga fari í markmið í nóvember

Hagstofan birtir nóvembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) miðvikudaginn 27. nóvember. Hagfræðideild Landsbankans spáir óbreyttu gildi vísitölunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 2,8% í 2,5%.

VNV hækkaði um 0,36% milli mánaða í október. Þetta var nokkuð meiri hækkun en við áttum von á, en við höfðum spáð +0,2%. Skýrðist hækkunin umfram spá okkar nær eingöngu af að reiknuð húsaleiga hækkaði mun meira milli mánaða en við áttum von á.

Helstu undirlíðir:

- **Flugfargjöld til útlanda** lækka alla jafna milli mánaða í nóvember. Við eigum von á að flugfargjöld lækki minna milli mánaða nú en síðustu tvö ár. Gangi spá okkar eftir verður um 6% dýrara að fljúga til útlanda en fyrir ári síðan.
- Við eigum von á að hækkunartaktur **reiknaðrar húsaleigu** verði í kringum 5% á ársgrundvelli næstu mánuði.
- Samkvæmt verðkönnun okkar lækkaði verð á **bensíni og díselolíu** milli mánaða.

Spá okkar um breytingu vísitölunnar milli mánaða í nóvember er óbreytt frá síðustu spá sem við birtum í lok október.

Eigum von á 2,1% verðbólgu í lok árs


Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Des.: +0,5% milli mánaða, 2,1% ársverðbólga
- Jan.: -0,5% milli mánaða, 2,1% ársverðbólga
- Feb.: +0,7% milli mánaða, 2,6% ársverðbólga

Lækkun ársverðbólgunnar skýrist að hluta af því að í desember dettur mikill hækkunarmánuður út úr tólf mánaða tölunni, en í fyrra hækkaði vísitalan um 0,74% milli mánaða í desember.

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Flugfargjöld til útlanda	1,5%	-9,2%	-0,14%
Matur og drykkjarv.	13,2%	-0,4%	-0,06%
Bensín og díselolía	3,4%	-0,5%	-0,02%
Ferðir og flutningar - annað	4,1%	-0,3%	-0,01%
Hótel og veitingast.	5,8%	-0,1%	-0,01%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,0%	0,00%
Menntun	0,4%	0,0%	0,00%
Póstur og sími	1,8%	0,1%	0,00%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	0,1%	0,01%
Kaup ökutækja	5,7%	0,2%	0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,2%	0,01%
Heilsa	4,0%	0,4%	0,02%
Tómst. og menning	10,1%	0,4%	0,04%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	0,3%	0,04%
Föt og skór	4,4%	1,0%	0,04%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,4%	0,07%
Alls	100,0%		0,01%

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í nóvember og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru nokkurn veginn þeir sömu og við nefndum fyrir mánuði síðan:

1. Húsnæðisverð

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 0,58% milli mánaða í ágúst og 0,59% milli mánaða í september. Kostnaður við að búa í eigin húsnæði í VNV (reiknuð húsaleiga) hækkaði síðan um 1,05% milli mánaða í október, en sú mæling er byggð á fasteignverði í júlí, ágúst og september. Þetta eru mun meiri hækkanir en við gerðum ráð fyrir áður en þessar tölur voru birtar. Ef áframhald verður á þessari þróun mun það veða töluvert til hækkingar verðbólgu.

2. Flugfargjöld til útlanda

Okkur og öðrum greiningaraðilum hefur gengið mun verr að spá fyrir um mælingu Hagstofunnar á flugfargjöldum til útlanda en nokkurn annan undirlið vísitölnunnar síðustu mánuði. Ekki er ólíklegt að hér spili inn í að Hagstofan hefur þurft að breyta aðferðafræði sinni við mælingu á flugfargjöldum til útlanda í kjölfar falls WOW air í lok mars. Þar til meiri reynsla er komin á mælingar Hagstofunnar má búast við að áfram verði erfitt að spá fyrir um þennan lið.

3. Þróun launa

Enn sem komið er sjást fá merki þess að almennt launaskrið umfram kjarasamningsbundnar launahækkanir sé í gangi að nokkru marki. Verulegt launaskrið myndi þýða hærri verðbólgu en við sjáum nú í kortunum.


4. Staða fyrirtækja

Í kjölfar aukins stöðugleika á vinnumarkaði hefur Seðlabankinn lækkað vexti. Það ætti að vera hvati fyrir fyrirtæki að stilla verðhækkunum í hóf til að viðhalda stöðugleikanum. Spurningin er bara hversu vel í stakk búin þau eru til þess.

5. Gengi krónunnar


Íslenska krónan hefur styrkst nokkuð innan mánaðar í nóvember. Ef breyting verður á og krónan

Mánaðarbreyting VNV í nóvember



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþróun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



veikist verulega frá núverandi gildum hefur það aukna verðbólgu í för með sér.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.